



Mætingarreglur Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Dagskólanemendum í Fjölbrautaskóla Snæfellinga (hér eftir FSN) ber að sækja allar kennslustundir.

Mæting nemenda er skráð í Innu og er aðgengileg nemendum og forráðamönnum ólöggráða barna. Fjarnemar geta mætt í sínar kennslustundir hvenær sem er hafi þeir tök á því en þeir hafa enga viðveruskyldu.

Eining fyrir skólasókn

Hægt er að fá einingu fyrir skólasókn (raunmætingu) á hverri önn ef nemandinn hefur að lágmarki 96% skólasókn yfir önnina. Það er sú mæting sem skráð er með tilliti til veikinda og umsaminna fjarvista.

Einkunn er gefin fyrir skólasókn og birtist hún í námsferli nemenda og á útskriftarskírteini. Skólasóknareinkunn ræðst af skólasókn samkvæmt töflunni hér fyrir neðan. Nemandi í fullu námi (24 kennslustundum eða meira) sem nær 9 eða 10 í skólasóknareinkunn fær 1 einingu á fyrsta þrepi sem er færð inn í námsferil hans við lok annar.

Frá 98% upp í 100% gefur einkunnina 10

Frá 96% upp að 98% gefur einkunnina 9

Frá 94% upp að 96% gefur einkunnina 8

Frá 92% upp að 94% gefur einkunnina 7

Frá 90% upp að 92% gefur einkunnina 6

Frá 88% upp að 90% gefur einkunnina 5

Frá 86% upp að 88% gefur einkunnina 4

Frá 84% upp að 86% gefur einkunnina 3

Frá 82% upp að 84% gefur einkunnina 2

Skólasókn undir 82% gefur einkunnina 1

Sé skólasóknareinkunn lægri en 5 á nemandi ekki vísa skólavist á næstu önn.

Brot á reglum um skólasókn

Nemendur geta fylgst með skólasókn sinni í Innu. Á fjögurra til sex vikna fresti er mætingayfirlit tekið og nemendum undir lágmarksmætingu send viðvörðun eða áminning. Skólafulltrúi sendir yfirlit til foreldra og forráðamanna í gegnum Innu. Ef raunmæting nemanda er komin undir **88%** telst hann vera kominn undir lágmarksmætingu.



Fari raunmæting niður fyrir 88% fær nemandinn áminningu umsjónarkennara. Fari raunmæting niður fyrir 80% um leið og skólasóknareinkunn er undir 88% (að teknu tilliti til veikinda og umsaminna fjarvista) fer í gang ferli (sjá hér að neðan).

Ferlið sem fer í gang þegar fjarvistir nemanda stefna í óefni er eftirfarandi:

- Ferlið hefst á munnlegri áminningu umsjónarkennara (sem einnig er skráð sem athugasemd í Innu).
- Ef skólasókn batnar ekki sendir skólameistari skriflega áminningu á nemanda (og forráðamenn ef um ólögráða nemanda er að ræða).
- Láti nemandi sér ekki segjast og bæti mætingu er næsta skref brottvísun. Í fyrsta skipti sem nemanda er vísað úr skóla er endurinnritun möguleg á næstu önn.
- Haldi brot nemanda áfram eftir endurinnritun er málinu vísað til skólaráðs sem metur hvort einhverjar ástæður réttlæti áframhaldandi skólavist nemandans.
- Forráðamenn ólögráða nemanda fá afrit af bréfasendingum (tölvupóstum) og geta þeir eða nemandinn sjálfur komið andmælum á framfæri.

Heimilt er að vísa nemanda tímabundið úr skóla, bæti hann ekki ráð sitt en megináherslan er lögð á að fá nemendur til að bæta mætingu sína og halda áfram í skólanum. Fjarvistauppgjör eru tekin tvisvar á önn, við námsmatsdaga, og nemanda og forráðamönnum sendar upplýsingar um stöðu nemandan. Ef nemandi er undir viðmiðunarmörkum ræða námsráðgjafi, stjórnendur eða umsjónarkennarar við nemanda í kjölfarið og gerir hann samning um bætta ástundun við skólameistara.

Ef nemandi er meira en eina önn undir viðmiðunarmörkum án skýringa getur það leitt til þess að hann verði ekki innritaður næstu önn.

Námsáætlanir einstakra greina geta tiltekið lágmarksskólasókn og þátttöku í verkefnum skv. samþykktum deildafunda.

Skráning fjarvista

Í upphafi hverrar kennslustundar hefur kennari nafnakall og skráir viðveru. Ef nemandi er hjá námsráðgjafa á kennslutíma skráir námsráðgjafi mætingu fyrir þann tíma.

Mæti nemandi 15 mínútum of seint er kennara heimilt að skrá hann fjarverandi.

Nemendur skuli vinna að verkefnum sínum á þeim stað sem kennsla fer fram skv. stundatöflu nema annað sé tekið fram sérstaklega. Veiti kennari leyfi fyrir því að nemandi vinni annars staðar er nemandi skyldugur til að mæta aftur í tíma í það minnsta 10 mínútum fyrir lok hans svo kennari geti séð vinnuárangur hans. Skili nemandi sér ekki er kennara heimilt að gefa honum fjarvist.



Kennara er heimilt að gefa nemenda fjarvist að gefnu tilefni, t.d. fyrir að spilla vinnufriði eða fyrir aðra slæma hegðun og þátttökuleysi. Komi slíkt til skráir kennari inn athugasemd í INNU um ástæðu fyrir fjarvistaskráningunni.

Sýni nemandi fram á að hann sé búinn að vinna þau verkefni sem lögð hafa verið fyrir þá vikuna á fullnægjandi hátt er kennara heimilt að veita nemanda kennaraleyfi (K) í Innu. Kennara er þó heimilt að gefa nemanda fjarvist ef hann skilar inn verkefni snemma og mætir í kjölfarið ekki í tíma án þess að hafa samráð við kennara um kennaraleyfi. Það er því alltaf háð samþykki kennara ef nemendur ætla að fá að víkja frá meginreglunni um að mæta í alla tíma, nema ef um veikindi eða lögmæta fjarveru er að ræða.

Nemendur sem eiga við sjúkdóma að stríða eða búa við aðstæður sem geta haft áhrif á skólasókn þeirra, leggja fram gögn um slíkt í upphafi annar og/eða þegar slíkar aðstæður koma upp, hjá námsráðgjafa eða aðstoðarskólameistara. Í slíkum tilvikum getur nemandi sótt um það að fá að sækja tíma á Teams og er slík mæting skráð sérstaklega. Nemendum er ekki í sjálfsveld sett að mæta í tíma á Teams nema með leyfi kennara **fyrir** tíma eða vegna ofangreindra ástæðna. Mæti nemandi án tilefnis og án samþykkis kennara í tíma á Teams er kennara heimilt að gefa nemanda fjarvist óháð þátttöku hans í téðum tíma. Nemendur við framhaldsdeild á Patreksfirði mæta í tíma á Teams í húsnæði deildarinnar á Patreksfirði nema þegar þeir eru staddir í Grundarfirði. Þá gildir það sama um þá og aðra staðnema. Fjarnemum er frjálst að mæta í tíma eins og þeim hentar en ekki er tekin mæting hjá þeim.

Leyfi frá skóla

Gert er ráð fyrir að nemendur sem þurfa að sinna erindum utan skóla geri það ekki á skólatíma.

Lögráða nemendur og forráðamenn ólögráða nemenda geta sótt um leyfi til skólameistara eða aðstoðarskólameistara ef þeir þarf að vera í burtu dag eða lengur. Nemendur fá skráðar fjarvistir þá daga sem þeir eru í leyfi en með skýringum. Slík leyfi eru aðeins veitt þeim nemendum sem eru með 85% raunskólasókn eða hærri.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu:

- Nemandi mæti að öðru leyti vel í skólann
- Nemandi geri sér grein fyrir skyldum sínum og ábyrgð ef hann þarf að vera fjarverandi, meðal annars ræði við kennara fyrirfram ef leyfið lendir á prófum, verklegum tímum og verkefnaskilum

Leyfi vegna íþróttar



Fjarvera afreksíþróttafólks á námstíma, vegna keppnis- og/eða æfingaferða landsliðs í viðkomandi íþróttagrein, reiknast ekki inn í skólasókn þeirra (afreksíþróttamaður telst sá sem valinn hefur verið í unglingalandslið eða landslið viðkomandi íþróttagreinar eða sá sem valinn hefur verið til þátttöku og/eða undirbúnings fyrir mót í sinni íþróttagrein (t.d. Norðurlandamót, Evrópumeistaramót, heimsmeistaramót eða Ólympíuleika)). Það sama gildir um nemendur sem eru í viðurkenndum ferðum á vegum skólans. Nemendur sem fara í keppnisferðir á vegum íþróttafélaga innan ÍSÍ geta fengið skráð leyfi fyrir fjarvistum sínum, ef þjálfarar skila inn leyfisbeiðni. Aðeins er hægt að taka tillit til þeirra leyfa ef nemendur mæta vel að öðru leyti. Þessar reglur gilda líka um nemendur sem eru í viðamiklu tónlistarnámi.

Veikindi

Séu nemendur fjarverandi úr skóla gilda vissar reglur um hvernig taka skal á slíkum fjarvistum eftir því hver ástæða þeirra er. Geti nemandi ekki sótt skóla vegna veikinda eða af öðrum ástæðum skal hann tilkynna forföllin daglega á skrifstofu skólans. Læknisvottorði skal skila inn til skrifstofu ef veikindi vara lengur en þrjá daga. Skili nemendur vottorði vegna veikinda innan viku eftir að þeir koma í skólann aftur valda veikindin því ekki að hann fái lægra en 7 í skólasóknareinkunn.

Ólögráða nemendur:

Forráðamenn ólögráða nemenda þurfa að tilkynna veikindi þeirra fyrir kl. 10 á morgnana með því að senda tölvupóst (fsn@fsn.is) eða hringja í síma 430 8400.

Skólinn áskilur sér rétt til að krefjast þess að vottorði sé skilað, t.d. ef fjarvistir vegna veikinda eru miklar.

Lögráða nemendur:

Lögráða nemendur tilkynna veikindi fyrir kl. 10 á morgnana með því að senda tölvupóst (fsn@fsn.is) eða með því að hringja í síma 430 8400.

Foreldrar lögráða nemenda geta einnig tilkynnt veikindi á sama hátt og þegar um ólögráða nemendur er að ræða.

Veikindi í prófum

Afar mikilvægt er að tilkynna veikindi áður en próf hefjast með því að hringja í afgreiðslu skólans 430 8400 eða senda póst á fsn@fsn.is. Sérstök sjúkrapróf verða þá auglýst. Einnig þarf að tilkynna veikindi ef eru próf/verkefni á önninni og nemandi þarf að hafa samband við



kennara eins fljótt og auðið er varðandi möguleika á sjúkraprófi/verkefni. Skólayfirvöld geta óskað eftir því að nemendur skili inn vottorði vegna veikinda í prófum.

Ábyrgð nemenda

Nemendum ber sjálfum að fylgjast með skólasókn sinni í Innu. Ef nemandi þarf að vera mikið frá vegna íþrótta eða leyfa ber hann ábyrgð á því að fylgjast með hvað fram fer í kennslu á þeim tíma. Það sama á við um nemendur sem eru frá vegna skammvinnra veikinda. Nemendur sem glíma við samfelld eða erfið veikindi hafa samband við námsráðgjafa.

Umsjón með skólasókn

Aðstoðarskólameistari hefur yfirumsjón með skólasókn nemenda. Nemendur hafa aðgang að upplýsingum um skólasókn sína í nemendabókhaldskerfi skólans á Inna.is. Inna sýnir annars vegar raunmætingu nemandans, það er hvaða tíma hann hefur sótt og hins vegar mætingu að frádreginni lögmætri fjarveru.

Nemandi hefur kost á því að tjá sig ef fundið er að hegðun hans vegna brota á skólareglum. Málinu er vísað til skólaráðs og nemandi getur sótt skólann þar til niðurstaða skólaráðs er fengin.

Skólaráð getur í sérstökum tilvikum veitt undanþágu frá þessum reglum.